

Iðla Marsibil Jónsdóttir

Frá: Gunnar Gunnarsson <gunnar@tun.is>
Sent: 14 August 2024 14:00
Til: Vottunarstofan Tún
Efni: Aðalfundur Vottunarstofunnar Túns ehf. 2024 - Eyðublað fyrir umboð
Viðhengi: Umboð Eyðublað Aðalfundur Túns 2024.DOC

Ágæti viðtakandi

Fyrir mistök þá var ekki sent með fundarboði fyrr í dag eyðublað fyrir umboð til setu á aðalfundi Túns. Það fylgir hér með.

Bestu kveðjur
GG

From: Gunnar Gunnarsson
Sent: miðvikudagur, 14. ágúst 2024 13:32
To: Vottunarstofan Tún <tun@tun.is>
Subject: Aðalfundur Vottunarstofunnar Túns ehf. 2024

Boð til hluthafa og stjórnar Vottunarstofunnar Túns

ATH: Vinsamlegast staðfestu að hafa tekið við þessum pósti og kynnt þér efni hans

Ágæti viðtakandi,

Aðalfundur Vottunarstofunnar Túns ehf., kt. 511094-2249, verður haldinn **fimmtudaginn 29. ágúst 2024 á Grand Hótelinu við Sigtún 38 í Reykjavík** (fundarsalur **Útgarður á 13. hæð**) og hefst **kl. 15.30**.

Dagskrá fundarins verður sem hér segir:

1. Setning.
2. Kjör fundarstjóra.
3. Könnun á mætingu hluthafa og umboðsmanna þeirra á fundi.
4. Kjör fundarritara.
5. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á árinu 2023.
6. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2023 kynntur og lagður fram til samþykktar.
7. Ákvörðun um meðferð hagnaðar.
8. Ákvörðun um stjórnarlaun og laun endurskoðanda.
9. Kjör stjórnar og varamanna.
10. Kjör endurskoðanda.
11. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins. Stjórn Túns leggur til tvær breytingar á samþykktum félagsins.
 1. Fyrsta setning fyrstu málsgreinar 12. gr., „Félagsstjórn skal boða til hluthafafunda með tilkynningu til hvers hluthafa í ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða á annan jafnsannanlegan hátt“ breytist og hljóði svo: „Félagsstjórn skal boða til hluthafafunda með tilkynningu til hvers hluthafa í ábyrgðarbréfi, tölvupósti gegn staðfestingu á móttöku eða á annan jafnsannanlegan hátt.“
 2. Fyrsta málsgrein 18. gr., „Stjórn félagsins ræður framkvæmdarstjóra og ákveður starfskjör hans. Hún veitir og prókúruumboð fyrir félagið“ breytist og hljóði svo: „Stjórn félagsins, ef hún telur svo þörf, ræður framkvæmdarstjóra og ákveður starfskjör hans. Stjórn veitir og prókúruumboð fyrir félagið.“
12. Önnur mál.

Tillögur sem hluthafar vilja leggja fyrir fundinn þurfa að hafa borist stjórn félagsins eigi síðar en kl. 12.00 fimmtudaginn 22. ágúst 2024 og skulu þær sendar á skrifstofu félagsins. Ársreikningur félagsins og tillögur þær sem fyrir fundinum liggja verða hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins í eina viku fyrir fundinn. Með bréfi þessu fylgir

eyðublað fyrir umboð til setu á aðalfundinum sem óskast útfyllt og send í tölvupósti á tun@tun.is eða framvísað á aðalfundinum.

Reykjavík, 14. ágúst 2024

Fyrir hönd stjórnar Vottunarstofunnar Túns ehf.

Gunnar Á Gunnarsson

s. 820 4130; gunnar@tun.is



Vottunarstofan Tún ehf.

Vottun sjálfbærra nytja lands og sjávar

Certification of Sustainable Use of Land and Sea

Parabakki 3, IS-109 Reykjavík, Iceland

S/T: +354 511 1330 | Direct: +354 820 4130 | Netfang/Email: gunnar@tun.is | Heimasíða/Homepage: <http://www.tun.is>

Please note that this e-mail and it's attachments are intended for the named addressee only and may contain information that is confidential and privileged.